

REGLUGERÐ

**um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta
samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.**

1. gr.

Þar sem takmarkaðar innfjarðarækjuveiðar voru stundaðar í Arnarfirði og engar innfjarðarrækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Öxarfirði og norðurkjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðarárinu 2015/2016, skal á fiskveiðarárinu 2016/2017 úthluta aflamarki sem nemur samtals 586 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1996/1997 - 2005/2006 að frádregnum afla í innfjarðarrækju fiskveiðársins 2015/2016 á viðkomandi svæði, nema á Eldeyjarsvæði skal miðað við almanaksárið 2015. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 70 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 148 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildislestir í hlut báta við Skagafjörð, 201 þorskígildislest í hlut báta við Öxarfjörð og 14 þorskígildislestir í hlut báts í norðurkjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðarárinu 2015/2016 skal á fiskveiðarárinu 2016/2017 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildislestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla áranna 1998 til 2007. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 7 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 33 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 919 þorskígildislestir í hlut báta við Breiðafjörð og 24 þorskígildislestir í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeilda sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2016. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn
Þorskur	1.182	993
Ýsa	190	166
Ufsi	350	232
Steinbítur	41	24
Gullkarfi	173	119
Langa	64	35
Alls	2.000	1.569

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. júlí 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.

Nr. 639

8. júlí 2016

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2016